

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 15. október 2012 breytingu á aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020, sem samþykkt var í sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps þann 13. júlí 2012. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst 11. október 2012.

Breytingin nær til Hallands en þar er markað 1,5 ha íbúðarsvæði, Íb21, en landbúnaðarsvæði, L2, er minnkað um 1,5 ha.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 15. október 2012.

Stefán Thors.

Erna Hrönn Geirsdóttir.